

Vinátta í Grafarvogi og

Kjalarnesi




- Verum góð hvert við annað
- Hjálpumst að
- Við erum ekki öll eins
- Virðum hvert annað

Leikskólar í Grafarvogi og Kjalarnesi

Inngangur

Leikskólar í Grafarvogi og á Kjalarnesi í samstarfi við Austurmiðstöð hafa gefið út sameiginlega eineltisáætlun fyrir Grafarvog og Kjalarnes. Tilgangur þessa samstarfs er að skapa samhljóm og leggja línur í forvarnavinnu leikskóla í hverfunum. Markmiðið með þessari eineltisáætlun er að starfsfólk, börn og forráðamenn í Grafarvogi og á Kjalarnesi verði meðvitaðri um forvarnir og viðbrögð við einelti. Áætlunin var unnin af aðstoðarleikskólastjórum í hverfunum.



ÍSJAKINN

Einelti meðal barna er eins og ísjaki, meirihluti þess fer fram undir yfirborðinu þar sem fullorðna fólkíð sér ekki til.

Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi

Eineltisáætlun leikskóla Grafarvogs og Kjalarnes

„Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjáa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmennum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi“. (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Um eineltisáætlunina

Í Grafarvogi og á Kjalarnesi eru ellefu leikskólar reknir af Reykjavíkurborg og þrjár sjálfstætt starfandi leikskólar. Þeir sem reknir eru af

Reykjavíkurborg eru: Brekkuborg, Engjaborg, Fífuborg, Funaborg, Hulduheimar, Klettaborg, Laufskálar, Lyngheimar, Nes, Sunnufold og Berg.

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru Ungbarnaleikskólinn Ársól, Fossakot og Korpukot.

Þessi eineltisáætlun er fyrir öll börn í leikskólum Grafarvogs og Kjalarnes. Markmiðið er að hún sé einföld og skýr.

Markmið með eineltisáætluninni er að:

- ◆ Starfsmenn leikskólanna vinni að forvörnum gegn einelti.
- ◆ Starfsmenn og forráðamenn séu meðvitaðri um einelti og birtingarmyndir þess og vinni gegn því með öllum ráðum.
- ◆ Viðbrögð við úrlausn eineltismála séu skýr og nákvæm og lúti ákveðnu ferli.

Einn mikilvægasti þátturinn í baráttu gegn einelti eru forvarnir. Unnið er með vináttu, virðingu, samkennd og börnin þjálfuð í lýðræðislegu samstarfi.

Einelti getur hafist í leikskóla og fylgt barni áfram upp á næsta skólastig ef ekkert er aðhafst. Á leikskólaaldri mynda börnin vinatengsl og það getur skipt sköpum að þau fái tíma til að þroska þessi tengsl og fái hjálp til að rækta þau. Það getur breytt miklu fyrir barn að eiga traustan og góðan vin. Börn í leikskólanum eru í öruggu umhverfi og í nánnum tengslum hvert við annað. Þá er kjörið að hefja forvarnavinnu gegn einelti.

Hvað er einelti?

Einelti felur í sér að barn/einstaklingur er tekinn fyrir af einum aðila eða hópi með síendurtekinni:

- ◆ Stríðni eða látbragði.
- ◆ Niðrandi ummælum og sögusögnum.
- ◆ Andlegri kúgun og hótunum af ýmsu tagi.
- ◆ Félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.

Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, það verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif.

Vinátta og forvarnir gegn einelti í leikskóla

- ◆ Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi jafningjasamskipta.
- ◆ Forvarnir eru einn sterkasti þátturinn í baráttu gegn einelti í leikskóla.
- ◆ Vináttufærni er hægt að kenna og þjálf.
- ◆ Styrkja æskilega hegðun barna.

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess hvernig börnum gengur í jafningjasamskiptum þar sem það hefur mikil áhrif á allt þeirra líf. Þekking starfsfólks leikskóla á birtingarmyndum og einkennum eineltis og viðbrögðum við einelti er því aferandi árangursþáttur í eineltismálum leikskóla. Þar að auki er góð samvinna heimilis og leikskóla mikilvæg.

Forvarnir eru einn sterkasti þátturinn í baráttu gegn einelti í leikskólastarfi, þ.e. að búa svo um hnútana að einelti komi ekki upp. Vinátta er mjög mikilvæg fyrir börn á leikskólaaldri sem eru megin mótunarár barnsins. Í samskiptum við aðra læra þau félags- og vináttufærni. Að vinna með vináttu barna er því eitt af mikilvægustu hlutverkum forráðamanna, kennara og annarra sem vinna með börnum. Vináttufærni er hægt að kenna og þjálf og því eru verkefni sem þjálf samskiptahæfni mjög gagnleg fyrir börn. Slík forvarnarverkefni leggja mikla áherslu á þætti eins og samkennd, umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, vináttu og leiðir til vellíðunar í barnahópnum. Einnig hjálpa þau börnum að setja sjálfum sér og öðrum mörk.

Það skiptir miklu máli að styrkja æskilega hegðun barna í stað þess að bregðast eingöngu við þegar óæskileg hegðun á sér stað. Forráðamenn og starfsfólk þurfa að vera vakandi fyrir vanlíðan barna. Skoða félagstengsl og samskipti þeirra og bregðast við á viðeigandi hátt. Gott er að huga að barnahópnum í heild.

Náin samskipti heimilis og leikskóla þar sem traust ríkir og gott upplýsingaflæði er milli aðila, stuðlar að því að rétt sé brugðist við. Hlutverk forráðamanna er að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna og vera í sambandi við deildarstjóra þar um. Einnig að stuðla að jákvæðum samskiptum barna utan leikskólatíma.

Forráðamenn og starfsfólk leikskóla eru fyrirmyndir í samskiptum og þarf að temja sér jákvæðni og bera virðingu hvert fyrir öðru.

Nokkur góð forvarnaratriði

- ◆ Markviss fræðsla og þjálfun í að vinna gegn einelti og bæta samskipti t.d í símenntunaráætlun starfsmanna.
- ◆ Skýrir verkferlar í forvarnarmálum, s.s. viðbrögð vegna gruns um einelti.
- ◆ Vinna með samskipti, s.s. forvarnarverkefni sem efla vináttu, félagsfærni, samkennd, samhygð, umburðarlyndi, virðingu og að setja sig í spor annarra.
- ◆ Reglur í leikskólanum. Mikilvægt er að börnin taki þátt í mótun samskiptareglna.
- ◆ Samningur starfsfólks um samskipti og sáttmáli um uppbyggilegan starfsanda sem byggir á jákvæðni, virðingu og gleði.
- ◆ Virkt eftirlit á öllum starfssvæðum leikskólans.
- ◆ Gera reglulega athuganir um samskipti, kanna líðan barna og vinatengsl. (t.d. með því að nota *Gátlista til að kanna hvort einelti á sér stað innan barnahópsins*, þ.e. tengslakönnun og vinakönnun).

Gátlisti til að kanna hvort einelti á sér stað innan barnahópsins


Fyrsta skref kennarans er að greina stöðu barnanna í hópnum og gera áætlanir til úrbóta ef niðurstöður gefa til kynna að einelti eigi sér stað.

Til að greina stöðuna eru notaðar kannanir þar sem börnin segja frá hverjir eru vinir þeirra í leikskólanum. Þessar kannanir eru: tengslakönnun og vinakönnun. Í tengslakönnun nefna börnin tvö nöfn barna sem þau segja að séu vinir þeirra. Í vinakönnun mega börnin nefna eins marga og þau vilja. Þriðja könnunin eru einstaklings viðtöl við börnin, þar sem þau tjá sig um líðan og vináttu.

Í greiningavinnunni er mikilvægt að gera lágmark eina af þessum þremur greiningum til að fá raunverulega mynd af samskiptum innan hópsins.

Næst er að greina stöðu barnanna út frá samþykki félaganna en rannsóknir hafa sýnt að það hvernig börnum gengur í jafningjasamböndum hefur mikil áhrif á allt þeirra líf.

Ýmislegt hefur verið rannsakað í sambandi við jafningjasamskipti barna. Þar á meðal hvernig einstaklingar skiptast eftir samþykki jafningja. Í ljós hefur komið að 55% barnanna eru það sem er kallað meðal, 15% eru vinsæl, 15% er hafnað af hópnum og 15% eru félagslega týnd og gleymd. (sjá skilgreiningu aftast í bæklingi)



(Laugeson, 2013)

Þegar kennari hefur lokið greiningavinnunni hefur hann fengið gott yfirlit yfir félagslega stöðu barnanna. Þá er komið að því að gera áætlanir um vinnuna með þau börn sem þurfa aðstoð en það þarf líka að vinna með allan barnahópinn.

- ◆ Hópurinn þarf að koma sér saman um hvernig samskipti og reglur eiga að vera.
- ◆ Æfa og kenna markvisst félagsfærni, vináttu og samvinnu. Þar sem markmiðið er að andinn í hópnum einkennist af af samkennd, virðingu, umhyggju og umburðarlyndi.
- ◆ Kennari gerir greiningavinnuna aftur til að sjá hvort einhverjar breytingar hafa orðið.

Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi

Viðbrögð vegna gruns um einelti

Allar ábendingar um einelti eru teknar alvarlega. Þegar grunur um einelti berst til leikskólans frá barni, forráðamanni eða starfsfólki leikskólans er henni komið til deildarstjóra. Deildarstjóri greinir málið samkvæmt gátlista um einelti og leitar eftir upplýsingum frá starfsfólki og öðrum sem koma að leikskóla-starfinu. Næstu skref málsins eru ákveðin í samráði við eineltisteymi leikskólans.

Aðgerðir

Ef deildarstjóri í samráði við eineltisteymi metur hvort um einelti sé að ræða gerir hann forráðamönnum grein fyrir stöðunni og farið er yfir:

- ◆ Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þá sem eiga hlut að máli.
- ◆ Hvað forráðamenn geta gert til að aðstoða barn sitt.
- ◆ Samstarf forráðamanna og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.
- ◆ Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki og leikskólastjóra grein fyrir stöðu mála.
- ◆ Deildarstjóri skráir allt ferlið frá tilkynningu máls. Forráðamenn eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.

Eineltisteymi

Í eineltisteymi situr leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Viðkomandi deildarstjóri tekur einnig sæti í teyminu. Þegar máli er vísað til eineltisteymis skal það í samstarfi við forráðamenn setja fram áætlun. Þar komi fram ákvörðun um úrvinnslu og verkaskiptingu, þ.e. hver beri ábyrgð á tilteknum þáttum þess. Ef þurfa þykir skal leita eftir aðstoð og ráðgjöf hjá eineltisteymi Austurmiðstöðvar um úrlausn mála að fengnu samþykki forráðamanna.

Skilgreining á jafningasamskiptum barna

Meðal

Börn sem falla í þennan flokk eiga það sameiginlegt að nokkur hluti hópsins þekkir þau og líkar vel við þau. Þau eiga vini og eru félagslega í fínum málum. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þeim félagslega.

Vinsæl

Allir vita hver vinsælu börnin eru og flestum líkar vel við þau. Þau hafa skýra stöðu innan hópsins. Sum vinsæl börn eru jákvæðir leiðtogar en önnur eru neikvæðir leiðtogar. Jákvæðir leiðtogar hrósa, hjálpa, styðja. Neikvæðir leiðtogar stríða, meiða, skilja útundan og særa, ásamt því að draga önnur börn með sér í þessa hegðun. Neikvæðir leiðtogar eiga stóran þátt í að skapa neikvæða menningu í hópnum og viðhalda henni. Sum börn eru bæði jákvæðir og neikvæðir leiðtogar. Mikilvægt er fyrir foreldra og fagfólk að átta sig á hvaða börn eru jákvæðir og hvaða börn neikvæðir leiðtogar. Hjálpa þarf neikvæðu leiðtogunum að breyta sinni neikvæðu hegðun og styrkja þarf jákvæðu leiðtogana.

Hafnað

Börn sem lenda hér er meðvitað hafnað af hópnum. Er það sársaukafull og erfið reynsla sem hefur neikvæðar afleiðingar. Í sumum tilfellum er börnum hafnað vegna eigin hegðunar en í öðrum vegna annarra þátta, eins og öfundar eða því að barnið er öðruvísi á einhvern hátt. Ef um hegðun er að ræða er það oft hegðun sem hinum börnunum finnst trúflandi, meiðandi eða pirrandi. Þá getur einnig verið um klaufalega félagslega hegðun að ræða, sem og brot á viðurkenndum félagslegum reglum hópsins. Mikilvægt er að taka það fram að ekkert barn velur að vera hafnað heldur er það hópurinn sem ákveður að hafna barni. Auk þess er mikilvægt að átta sig á að börn sem er hafnað hafa oft slæmt orðspor á sér, sem gerir þeim erfitt fyrir. Þau eiga mörg fáa eða enga vini en flest þeirra vilja ekkert frekar en að breyta þeirri stöðu. Þegar hjálpa á börnum sem er hafnað þarf að byrja á að finna út af hverju hópurinn hafnar þeim. Síðan þarf að gera áætlun um aðgerðir. Yfirleitt þurfa aðgerðirnar að beinast bæði að hópnum í heild og einstaklingnum sem er hafnað.

Týnd

Í þennan hóp fara þau börn sem eru feimin, óörugg og hlédræg. Þau tala oft ekki að fyrra bragði, eiga erfitt með að komast inn í leik sem er byrjaður, þora ekki að spyrja eftir öðrum börnum og hreinlega týnast í hópnum. Þau eru ekki eins og þeim sem er hafnað með slæmt orðspor, heldur eru þau ekki með neitt orðspor. Stundum týna fullorðnir einnig þessum börnum. Þau eru flest, eins og þeim sem er hafnað, að leita að vinum en lenda í vandræðum oft vegna eigin óöryggis. Þá geta tungumálaerfiðleikar einnig orðið til þess að börn lenda í týnda hópnum. Hjálpa þarf týndum börnum með vináttu og samskipti.

*„Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“
(Aðalnámskrá leikskóla 2011).*